

Umhverfisstofnun Áb. <i>BS</i>
07 DES. 2004 <i>54.52</i>
Tilv. <i>UST20041100160</i>

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



U S T

Umhverfisstofnun

The Environment and Food Agency of Iceland

• Sudurnudbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

Ö. T. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

2. desember 2004

Tilvísun: UST20041100160/bs

Hringvegur um Eldvatnsbotna, Skaftárhreppi

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. nóvember sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Fyrirhuguð vegagerð er í Elhrauni/Skaftáreldahrauni sem er jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Skaftáreldahraun er meðal náttúruminja sem í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Forsendur þess eru: "Eitt stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni. Stórt og mikilfenglegt hraun sem tengist sögu landsins."

Umhverfisstofnun telur að unnt sé að draga frekar úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar en ráð er fyrir gert í kynningarskýrslu Vegagerðarinnar.


Minnka þarf skeringar frá því sem fyrirhugað er og aðlaga yfirborð og brúnir skeringa að landi eins og kostur er. Vinna við skeringar fari fram með gröfum til að auðvelda mótun yfirborðs.

Eldri vegur verði ekki jafnaður út eins og ráðgert er í kynningarskýrslu. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að jafna veginn út í mosagóið hraun, heldur verði vegurinn keyrður burt og mól hreinsuð af eldra vegsvæði eins og kostur er. Mögulegt er að láta aflagða hluta eldri vegar standa þar til ráðist verður í vegagerð í nágrenninu þar sem not verða fyrir það efni sem í veginum er. Æskilegt er að Vegagerðin tilgreini við hvaða framkvæmd fyrirhugað sé að nota þetta efni til að tryggja verði að aflagðir hlutar vegarins verði fjarlægðir.

Umhverfisstofnun mun gefa umsögn um framkvæmdina þegar afstaða Vegagerðarinnar til athugasemda Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Helgi Jensson